

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1996 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1994 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1995.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1995 telst 8% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,6% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1995. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1995 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 4. janúar 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra, um reglur um skattverð aðila sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt reglugerðum nr. 562/1989, 564/1989 og 248/1990.**

1. Við ákvörðun á skattverði vegna starfsemi sem fellur undir 2. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi, með síðari breytingum, og 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, skal margfalda bein laun með hækkunarstuðlinum 1,3 vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar.
2. Liggi almennt gangverð ekki fyrir í sams konar viðskiptum og um ræðir í 1. tölul. 3. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989 og 3. gr. reglugerðar nr. 248/1990 skal ákveða skattverð í umræddri starfsemi með hliðsjón af reglum um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingarstarfsemi.

Reglur þessar eru settar skv. 5. mgr. 2. gr. og 8. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 2. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 562/1989, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 564/1989, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990.

*Reykjavík, 9. janúar 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.